

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1065****2018/EES/72/26**

frá 27. júlí 2018

**um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 að því er varðar sjálfvirka fullgildingu á flugliðaskírteinum Sambandsins og þjálfun í flugtaki og landingu (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB <sup>(1)</sup>, einkum 6. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 <sup>(2)</sup> er mælt fyrir um tæknilegar kröfur um vottun flughermisþjálfara, vottun flugmanna sem taka þátt í starfrækslu tiltekinna loftfara og vottun einstaklinga og aðila sem taka þátt í þjálfun, prófunum og mati á flugmönnum.
- 2) Í kjölfar skoðana á hlaði utan yfirráðasvæðis aðildarríkjanna, þar sem í ljós kom að flugliðar starfræktu loftfar, sem skráð er í öðru aðildarríki en því aðildarríki sem hafði gefið út flugmannsskírteini þeirra, breytti Alþjóðaflugmálastofnunin 1. viðauka við Chicago-samninginn um alþjóðlegt almenningflug til að auðvelda sjálfvirka fullgildingu skírteina á grundvelli samkomulags við svæðisbundnar öryggiseftirlitsstofnanir.
- 3) Þessi breyting ætti að endurspeglast í reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 þannig að sjálfvirk fullgilding flugliðaskírteina Sambandsins í þriðju löndum sé möguleg. Í samræmi við breytingu 174 við lið 1.2.2.3.2.1 í 1. viðauka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar ætti að vera umbreytingartímabil vegna nauðsynlegra breytinga sem gera skal á núverandi flugmannsskírteinum.
- 4) Frá gildistöku I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011, sem saminn var á grundvelli skilyrðanna sem mælt er fyrir um í JAR-kröfunum (JAR-FCL 1), hefur Sambandið beitt hæfnimiðaðri nálgun til að tryggja framkvæmd hlutfallslegra og hæfisbundinna krafna í tengslum við flugliðaskírteini. Því skal breyta kröfunni um þjálfun í flugtaki og landingu á framhaldsstigi þjálfunarnámskeiðsins fyrir fjölstjórnarskírteini til að laga hana að tilmælum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar í skjali nr. 9868 „Verklagsreglur fyrir flugleiðsöguþjónustu — Þjálfun“ (PANS-TRG).
- 5) Flugöryggisstofnun Evrópu lagði fram drög að framkvæmdarreglum fyrir framkvæmdastjórnina ásamt álitni sínu nr. 16/2016 og álitni nr. 03/2017.
- 6) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 til samræmis við það.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 65. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 er breytt sem hér segir:

- 1) í 4. gr. bætist við eftirfarandi málsgrein:

„9. Að því er varðar skírteini, sem gefin er út fyrir 19. ágúst 2018, skulu aðildarríki fara að þeim kröfum sem mælt er fyrir um í annarri málsgrein a-liðar í ARA.FCL.200, eins og henni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1065 (\*) eigi síðar en 31. desember 2022.

(\*) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1065 frá 27. júlí 2018 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 að því er varðar sjálfvirka fullgildingu á flugliðaskírteinum Sambandsins og þjálfun í flugtaki og landingu (Stjttíð. ESB L 192, 30.7.2018, bls. 31).“

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 192, 30.7.2018, bls. 31. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 217/2018 frá 26. október 2018 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttíð. ESB L 79, 19.3.2008, bls. 1.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 frá 3. nóvember 2011 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða áhöfn í almenningslugi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjttíð. ESB L 311, 25.11.2011, bls. 1).

2) ákvæðum I. viðauka (FCL-hluta) er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi e-liður bætist við í FCL.045:

„e) Flugmaður, sem hyggst fljúga utan yfirráðasvæðis Sambandsins á loftfari skráðu í aðildarríki öðru en því aðildarríki sem gaf út flugliðaskírteinið, skal bera á sér, í útprentuðu eða í rafrænu formi, nýjustu útgáfu af fylgiskjali Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, sem inniheldur tilvísun í skráningarnúmer Alþjóðaflugmálastofnunarinnar á samkomulaginu sem viðurkennir sjálfvirka fullgildingu skírteina, sem og skrá yfir aðildarríki sem eru hluti af þessu samkomulagi.“

b) í stað 11. liðar í 5. viðbæti komi eftirfarandi:

„11. Á þjálfunarnámskeiðinu skulu vera a.m.k. 12 flugtök og landingar svo hæfni sé tryggð. Heimilt er að fækka þessum flugtökum og landingum í a.m.k. sex, að því tilskildu að áður en þjálfun er veitt, tryggi samþykktá þjálfunar-fyrirtækið og flugrekandinn:

a) að málsmeðferð sé til staðar til að meta áskilið hæfi flugnemans og

b) að verkferli sé til staðar til að tryggja að gripið sé til aðgerða til úrbóta ef mat meðan á þjálfun stendur gefur til kynna að þörf sé á slíkum aðgerðum.

Þessi flugtök og landingar skulu framkvæmd undir umsjón kennara í þeirri flugvél sem tegundaráritunin er gefin út fyrir.“

3) ákvæðum VI. viðauka (ARA-hluta) er breytt sem hér segir:

a) ARA.GEN.105 er breytt sem hér segir:

i. eftirfarandi liðir 3a og 3b bætast við:

„3a. „ARO.RAMP“: RAMP-kaflinn í II. viðauka við reglugerðina um flugrekstur.

3b. „Sjálfvirk fullgilding“ (e. *automatically validated*): þegar ríki, sem er samningsríki Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og er skráð í fylgiskjali Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, samþykkir, án formsatriða, flugliðaskírteini sem aðildarríki gefur út í samræmi við I. viðauka við Chicago-samninginn.“

ii. í stað 12. liðar komi eftirfarandi:

„12. „Fylgiskjal Alþjóðaflugmálastofnunarinnar“: fylgiskjal við sjálfvirkt fullgilt flugliðaskírteini, sem gefið er út í samræmi við I. viðauka við Chicago-samninginn, og er fylgiskjalsins getið í flugliðaskírteininu undir atriði XIII.“

b) ákvæðum ARA.FCL.200 er breytt sem hér segir:

í stað a-liðar ARA.FCL.200 komi eftirfarandi:

„a) Útgáfa skírteina og áritana. Lögbært yfirvald skal gefa út flugliðaskírteini og tengdar áritanir með því að nota eyðublaðið sem sett er fram í I. viðbæti við þennan hluta.

Ef flugmaður hyggst fljúga utan yfirráðasvæðis Sambandsins á loftfari skráðu í aðildarríki öðru en því aðildarríki sem gaf út flugliðaskírteinið, skal lögbæra yfirvaldið:

1) bæta eftirfarandi athugasemd á flugliðaskírteinið undir atriði XIII: „Þetta skírteini er sjálfvirkt fullgilt í samræmi við fylgiskjal Alþjóðaflugmálastofnunarinnar við þetta skírteini“ og

2) gera fylgiskjal Alþjóðaflugmálastofnunarinnar aðgengilegt fyrir flugmanninn í útprentuðu eða rafrænu formi.“

c) í stað atriðis XIII í 2. lið a-liðar í I. viðbæti:

„XIII. Athugasemdir: Þ.e. sérstakar áritanir er varða takmarkanir og áritanir réttinda, þ.m.t. skráning tungumálakunnáttu, athugasemdir varðandi sjálfvirka fullgildingu skírteinisins og áritanir fyrir loftför í II. viðauka, sem notuð eru í flutningaflug.“

2. gr.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar í samræmi við sáttmálana.

Gjört í Brussel 27. júlí 2018.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

---